

Fundargerð

Fundur réttarfarsnefndar 7. febrúar 2023.

Frásögn af fundi:

Þriðjudaginn 7. febrúar 2023 kl. 15:30 var haldinn fundur í réttarfarsnefnd í húsakynnum dómsmálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík. Fundinn sóttu Ása Ólafsdóttir (ÁÓ) formaður, Aðalsteinn E. Jónasson (AEJ), Eiríkur Elís Þorláksson (EÉÞ), Gizur Bersteinsson (GB) og Kolbrún Benediktsdóttir (KB). Þá sat Hákon Þorsteinsson (HÞ) lögfræðingur í dómsmálaráðuneytinu einnig fundinn og ritaði fundargerð.

ÁÓ setti fundinn.

Bókað var að síðasta fundargerð hafi verið samþykkt milli funda.

Þá var jafnframt fært til bókar að 4. nóvember 2022 hafi nefndinni borist beiðni dómsmálaráðuneytisins um álit á drögum að frumvarpi dómsmálaráðherra um breytingu á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála (málsmeðferð hjá Endurupptökudómi). Nefndarmenn kynntu sér frumvarpsdrögin á milli funda og komu athugasemdum á framfæri við ráðuneytið 7. sama mánaðar.

Efni fundarins var að fara yfir erindi dómsmálaráðuneytisins til nefndarinnar hinn 26. janúar 2023 þar sem þess var farið á leit við nefndina að hún tæki eftirfarandi atriði til skoðunar:

- 1) Fyrirkomulag dómskýrsla á rannsóknarstigi samkvæmt 59. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- 2) Hvort fýsilegt væri að leggja til breytingar á 198. gr. laga nr. 88/2008 þannig að ávallt væri heimilt, án áfrýjunarleyfis, að áfrýja áfellingisdómi í sakamáli óháð dæmdum viðurlögum.
- 3) Framkvæmd húsleita á lögmannsstofum.
- 4) Málskostnað við meðferð beiðna um áfrýjunarleyfi og við ómerkingu og heimvísun mála.
- 5) Aðgang verjenda að gögnum samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga nr. 88/2008.

ÁÓ rakti um fyrsta atriðið að þar væri þess óskað að tekið væri til athugunar hvort æskilegt sé að gera breytingar á núgildandi fyrirkomulagi. Teldi nefndin það rétt óskaði ráðuneytið eftir tillögum nefndarinnar þar að lútandi, eftir atvikum í formi lagafrumvarps. Að því er þriðja atriðið varðaði, væri þess farið á leit að nefndin ynni drög að frumvarpi til laga um framkvæmd húsleita og haldlagningu gagna á lögmannsstofum. Ráðuneytið teldi einnig nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvort slíkar lagareglur þyrftu að byggjast á breiðari grunni með tilliti til annarra starfsstétta. Í hinum tilvikunum lyti erindi ráðuneytisins að því að réttarfarsnefnd skilaði ráðherra álit. Nefndin ræddi erindið og ákvað næstu skref.

Þá kynnti ÁÓ að þess væri að vænta að ráðuneytið sendi nefndinni til umsagnar á næstu dögum drög að frumvarpi til sameiningar héraðsdómstólanna. Einnig væri að vænta tveggja annarra umsagnarbeiðna sem varða annars vegar drög að frumvarpi dómsmálaráðherra til breytinga á sakamálalögum, til að styðja við réttarvörslugátt, og hins vegar drög að frumvarpi menningar- og viðskiptaráðherra um rafrænar skuldaviðurkenningar.

ÁÓ lagði til að þegar boðað yrði til funda í réttarfarsnefnd yrðu þeir fundir að jafnaði kl. 15.30 á þriðjudögum og var það samþykkt.

Ákveðið var að næsti fundur nefndarinnar yrði kl. 15.30 hinn 7. mars 2023 í húsakynnum dómsmálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 16:55.

HÞ.